



Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 17. apríl 2026
25121108/501.00 FS

Tillaga að fyrirkomulagi hugmyndasamkeppni um íþróttasvæði í Kópavogsdal

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 15. desember 2025 var lagt fram erindi skipulagsfulltrúa þar sem lagt var til við skipulags- og umhverfisráð að hafinn yrði undirbúningur samkeppnar um þróun íþróttasvæðisins í Kópavogsdal (Íþ-4 í aðalskipulagi Kópavogs) í samræmi við tillögur Heildarsýn fyrir Kópavogsdal og tillögur skipulagsfulltrúa um áframhaldandi skipulagsvinnu í Kópavogsdal sem samþykktar voru á fundi bæjarráðs þann 23. janúar 2025 (sjá fylgiskjöl 1-2). Í framangreindu erindi var lagt til að fyrirkomulag samkeppninnar yrði í formi eins þreps framkvæmdasamkeppni með skuldbindingu til áframhaldandi þróunar vinningstillögu skv. ráðleggingum Arkitektafélags Íslands (AÍ)

Í samræmi við umræður á fundi ráðsins þann 15. desember 2025 og áframhaldandi skoðun á hentugum samkeppnisformum í samráði við AÍ er nú lögð fram uppfærð tillaga að formi samkeppni.

Lagt er til að hafið verði samstarf við Arkitektafélag Íslands (AÍ) um opna hugmyndasamkeppni um áframhaldandi þróun og aukna nýtingu á íþróttasvæðinu í Kópavogsdal (Íþ-4).

Í samstarfi við AÍ um opna hugmyndasamkeppni felst að verkkaupi er fyrst og fremst að lýsa eftir grundvallar hugmyndum til lausnar ákveðnu viðfangsefni, sem er ekki skuldbundin til úrfærslu í framhaldi af samkeppni.

Áður en samkeppnisstörf hefjast verður hagaðilum með starfsemi á svæðinu gefin kostur á að skila inn hnitmiðaðri þarfagreiningu.

Tímaviðmið fyrir undirbúning og samkeppni

- Skipan dómnefndar: 2-3 vikur
- Undirbúningur: 2-3 mánuðir, því betri sem samkeppnislýsing er því betri verður samkeppnin og niðurstaða hennar
- Samkeppni: 3 mánuðir
- Dómstörf: 1 mánuður

F.h. skipulagsfulltrúa,

Freyr Snorrason
Verkefnastjóri



Kópavogsbær



Mynd 1. Svæðið á aðalskipulagsupprætti.



Mynd 2. Gildandi deiliskipulag Kópavogsdals, samþykkt í bæjarstjórn 22. maí 1990.

Fylgiskjöl: Heildarsýn fyrir Kópavogsdal dags. 12. apríl 2024, tillögur skipulagsfulltrúa dags. 9 janúar 2025, gögn frá AÍ dags: 24. mars 2026.

